

# LION



Íslensk útgáfa

[www.lions.is](http://www.lions.is)

blað nr 287

desember 2014



*Gleðileg jól*

Desember 2014. Blað nr. 287  
THE LION IN ICELANDIC  
Fjölumðæmi 109  
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:  
FJÖLUMDÆMI 109. Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122

Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Sigríður

Þorvaldsdóttir Kvaran



FJÖLUMDÆMISRÁÐ  
FJÖLUMDÆMIS 109  
Starfsárið 2014 – 2015

Fjölumðæmisstjóri: Tryggvi Kristjánsson Lkl. Dalvíkur.  
Umdæmisstjóri 109A: Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn.  
Umdæmisstjóri 109B: Ingimundur G. Andrússon, Lkl. Patreksfjarðar.  
Fjölumðæmisritari: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu.  
Fjölumðæmisgjaldkeri: Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri:

Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness.

Vara fjölumðæmisstjóri:

Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Protokol- og þingstjóri og NSR Coordinator: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness.

Umhverfisstjóri: Kristófer A.

Tómasson, Lkl. Geysi

Ritstjóri Lion: Porkell Cýrusson, Lkl. Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur

Ingvarsson, Lkl. Borgarness.

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri: (útbreiðsl og fjölgun): Guðrún Helga Össurardóttir, Lkl. Seylu.

NSR-AU nefndarmaður: Hrunn Hjaltadóttir, Lkl. Fold.

Heilbrigðisstjóri: Jón

Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar.

Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl. Seltjarnarness.

Unglingaskiptastjóri: Pálmi Hannesson, Lkl. Garði.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnarmaður og ráðgjafi alþjóðaforseta: Guðrún Björt Yngvadóttir Lkl. Eik.

MedicAlert stjóri: Lúdvík Andreasson, Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar. Daníel Þórarinnsson, Lkl. Nirði.

Laganefnd (form.): Kristinn Kristjánsson, Lkl. Hveragerði

Lions Quest stjóri: Magnús J.

Magnússon, Lkl. Selfoss.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.



Fjölumðæmisstjóri ásamt umdæmisstjórum.

Varaumðæmisstjóri 109A: Jón

Pálmason, Lkl. Víðarri.

Varaumðæmisstjóri 109B: Stefán

Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:

Gunnar Vilbergsson, Lkl.

Grindavíkur.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl.

Rán,

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2014 – 2015:

International President: Joseph

Preston USA

Immediate Past President: Barry J.

Palmer Ástralía

First Vice President: Dr. Jitsuhiro

Yamada Japan

Second Vice President: Bob Corlew

USA

First Year Directors:

Svein Øystein Berntsen,

Jorge Andrés Bortolozzi,

Eric R. Carter

Charlie Chan,

Jack Epperson,

Edward Farrington,

Karla N. Harris

Robert S. Littlefield, Ph.D.

Yoshinori Nishikawa,

Ratnaswamy Murugan,

George Th. Papas,

Jouko Ruissalo,

N.S. Sankar,

A.D. Don Shove,

Kembra L. Smith

Dr. Joong-Ho Son

Linda L. Tincer

Second Year Directors

Fábio de Almeida,

Lawrence A. „Larry“ Dicus

Roberto Fresia

Alexis Vincent Gomés

Chynthia B. Gregg,

Byung-Gi Kim

Ester LaMothe

Yves Léveillé

Teresa Mann

Raju V. Manwani

William A. McKinney

Michael Edward Molenda

John Pettis, Jr.

Robert Rettbody,

Emine Oya Sebiük

Hidenori Shimizu

Dr. Steven Tremaroli

Upplag: 2400 eintök

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd tók Steinunn

Matthíasdóttir. Forsíðumynd:

Gamla myllan í Búðardal

www.facebook.com/

steinamattphotography

www.flickr.com/photos/

steinamatt/

## Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er þriðja blað starfsársins komið út sem telst vera jólablaðið okkar. Þetta blað einkennist svoltið á því að í síðastliðnum mánuði var sykursýkisdagurinn og voru fjölda margir klúbbar með mælingar sem sumir hafa sent greinar um í blaðið. Það er auðvitað hið besta mál og gott að fá fréttir úr starfinu ásamt myndum og hvet ég klúbbana til þess að senda áfram inn fréttir úr starfinu.

Það var mikið að gera í októbermánuði hjá hreyfingunni vegna WSD dagsins sem í mínum huga tókst mjög vel og var vinnan í kringum hann hjá félögum mikil og óeigingjörn. Síðasta blað var mikið helgað þessum degi og komu fjölda greinar og myndir frá honum í blaðinu. Mér urðu á þau leiðu mistök við vinnslu blaðsins að nafngreina rangan ljósmyndara fyrir forsíðumyndinni og leiðrétti það hér að neðan. Eins komst ekki allt efni fyrir í því blaði vegna stærðar þess en það sem ekki komst fyrir þar verður í þessu blaði.

### LEIÐRÉTTING

Ljósmyndari á forsíðumynd og mörgum af myndunum frá WSD deginum var ekki rétt hjá mér og bið ég ljósmyndarann afsökunar á þeim mistökum mínum. Það var **Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir** í Lionsklúbbnum Emblu sem tók forsíðumyndina sem og margar af myndunum frá WSD deginum.

Ég vil þakka öllum þeim fjöldamörgu sem sendu greinar í blaðið og ég vona svo sannarlega að á því verði framhald í næstu blöðum. Að lokum óska ég öllum gleðilegra jóla og gæfufríks komandi árs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með kveðju, Porkell Cýrusson ritstjóri

# Hugvekja á jólum

Séra Óskar Ingi Ingason



*„Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og liggjandi í jötu.“*

Nú er jólafastan hafin, undirbúningstími jóla og framundan sjálf fæðingarhátíðin, jólin. Innihald jólanna er ekki eins hjá öllum. Þó mikið sé á sig lagt til að gera hátíðina sem besta, þá er hátíðin ekki eins. Það eru mismunandi hlutir sem við leggjum áherslu á. Sumir leggja mikið upp úr fjölskyldusamveru, aðrir afslöppun, mismikið er lagt upp úr veitingum, en ekkert má vanta. Birta og skraut er nokkuð sem við sem þjóð leggjum meira upp úr en flestar aðrar þjóðir. Myrkrið úti á þessum tíma kallar í huga okkar á ljós og öll jólaljósín hjálpa okkur að gleyma myrkrinu og vandamálunum um stund.

Í þjóðfélaginu virðist ríkja mikil reiði. Sú reiði hefur varað í mörg ár. Reiðin er ekki holl, né uppbyggileg. Reiðin minnr á myrkrið, hún brýtur niður og eyðileggur. Ekki síst heilsu manna og gleði. Það er í slíkt myrkur sem vonin talar til. Vonin byrjar sem dauft ljós, en vex þar til að ekkert getur varist henni. Rétt eins og það ljós sem lýsti á hinum fyrstu jólum.

Hátíð gleði og ljóss er haldin þegar myrkur er mest. Það er ekki aðeins vegna þess að við þurfum þá helst á gleði og ljósi að halda, heldur einnig að þá sjáum við helst ljósið og finnum mest fyrir gleðinni. Hver sér ljós frá kerti eða peru í sólskini á miðju sumri? Hver tekur eftir gleðinni þegar leikur okkur allt í lyndi?

En þegar illa árar, þegar erfitt er, þá er gleðin okkur dýrmætari. Þegar myrkrið vex verður á sama hátt ljósið sterkara og dýrmætara.

Það er merkilegt við þá miklu hátíð sem jólin eru, að við skulum finna þörf fyrir að klæða hana svo miklum umbúðum og skrauti eins og við gerum. Menn leggja mikið á sig við að lýsa upp hvert skúmaskot í hýbýlum okkar sem og utan, við að skreyta og fylla hátíðina af endalausum veitingum og gjöfum. Ekkert má skorta og ekkert má vera nóg, aðeins gnægð og enn meira ef hægt er.

Sagan sýnir okkur að jólin eru í raun einföld hátíð. Þau voru jafn dýrmæt þegar allir fengu þá „eitthvað fallett, í það minnsta kerti og spil.“ Einnig þegar jólatréð var heimasmíðað og kerti lýstu það upp. Þau voru jafn dýrmæt þegar þau voru haldið í myrkri

ofsókna og fórna, því ljósið logaði hið innra. Jólin fjalla um ljósið sem kom í heiminn. Það byrjaði að lýsa dauft, en sigraði heiminn. Ljós kærleikans. Ljós sem skín þér líka. Ljós sem er meira virði en allar heimsins skreytingar, gjafir og öll ljós. Það ljós lýsir í hjörtum manna sem vilja taka á móti því. Það lýsir þeim sem vilja sjá það. Það er ljós sem sloknar ekki á þrettándanum, heldur logar eins lengi og við leyfum því að loga og það mun vaxa.

Getur verið að við höfum svo fyllt hátíðina ljósum og umbúðum að við sjáum ekki innihaldið, opnum ekki pakkann? Og það sem meira er, gefum ekki öðrum. Því jólin fjalla ekki um það eitt að gefa pakka og fá, heldur einnig að gefa af sér gagnvart þeim sem þurfa mest á því að halda. Og ljósið vex við það að það sé gefið öðrum.

Við tilheyrum samtökum sem hafa í kjarna sínum að vera ekki sama um neyð náungans. Að leggja öðrum lið. Hvað er það annað en að vera öðrum það ljós sem þeir þurfa á að halda? Það að gefa. Ekki bara til að gefa eða til að fá þakkar, heldur til að hjálpa í raun. Það má ekki gleymast. Ekki í hreyfingunni, ekki í klúbbunum, ekki í lífi okkar, né á jólum.

Höfum pláss fyrir vonina og kærleikann, já, hjartans ljósið, í jólahaldi okkar og látum það lýsa öðrum í neyð þeirra. Því það er í því að upplifa það ljós og lýsa öðrum í þeirra myrkri sem jólin verða okkur sönn og skilur okkur ekki söm á eftir.

Guð gefi ykkur öllum sönn og gleðileg jól og farsælt komandi nýtt ár og nýja tíð.

## Gömlu gleraugun geta orðið öðrum til gagns

**Hvað er hægt að gera við gömlu gleraugun?  
Hver tekur á móti þeim?  
Hvert er farið með þau?**

Sjónfræðingur hjá Þjónustu og Þekkingarmiðstöðinni hjá Blindrafélaginu og sjónfræðingur hjá Auganu gleraugnaverslun í Kringlunni taka á móti notuðum gleraugum.

Sjónfræðingarnir eru meðlimir í samtökum er kalla sig Vision for all í Svíþjóð. Lions þar í landi og sænski konungurinn hafa aðallega veitt styrki í þetta verkefni, en fulltrúar fara á sjálfboðavinnu með gleraugun, vinna þau og mæla einstaklingana. Það eru farnar um það bil 11 ferðir á hverju ári til landa í Afríku og Suður Ameríku.

Hægt er að fá nánari upplýsingar á netinu <http://www.visionforall.org/>.

Samtökin voru stofnuð 1997 af John J. Godoy sem er fæddur í Peru en býr nú og starfar sem sjónfræðingur í Svíþjóð og helgar sig þessu verkefni.

Samtökin hafa nú skoðað og skaffað 100 000 manns gleraugu í löndum Afríku og Suður Ameríku síðan fyrsta ferðin var farin.

### Gömlu gleraugun geta því orðið einhverjum til gagns.

Rétt er að geta þess að Lionshreyfingin á Íslandi er ekki að styrkja þetta verkefni.

Þeir klúbbar sem vilja skaffa gleraugu í þetta verkefni eru hvattir til að geta þess í sínum verkefnaskýrslum.

*Dagný S. Finnsdóttir, sjónverndarfulltrúi umdæmi109B  
Guðmundur Þ Ingólfsson, heilbrigðisfulltrúi umdæmi 109A*

**Skilafrestur á efni í næsta blað er 12. febrúar**

# Stolt leiðir til árangurs

## Pistill frá Alþjóðaforseta

Joesph Preston

alþjóðaforseti



Þegar ég var í Afríku sá ég dálítið sem ég mun aldrei gleyma, ég sá konung dýranna, ljónið í sínu náttúrulega umhverfi. Úti á gresjunni voru tvö ljón og karldýrið öskraði. Það voru ekki hógvæ, eða auðmjúk hljóð, þetta var í fullri alvöru, kröftug kveðja eða aðvörun. Hann öskraði ekki bara einu sinni, heldur nú sinnum, meðan hann starði á okkur.

Þetta er það sem við sem Lions þurfum að gera. Við þurfum að öskra af sannfæringu, láta í okkur heyrast og vera stolt af starfi okkar. Við

þurfum að skilja eftir fótspor okkar um allt samfélagið og segja frá því sem við gerum. Öskur án sannfæringar er bara hávaði. Stundum kynnum við ekki, eða markaðssetjum Lions nógu vel og áttum okkur ekki á hversu langt við getum náð. Við eigum ekki að setta okkur við meðalmennsku, hvorki sem Lionsfélagar eða klúbbar. Eins og Nelson Mandela sagði: „Það felst engin metnaður í því að „sleppa billega“ í lífinu, þegar þú ert fær um ná svo miklu lengra“

Þemalagið mitt, sem ég samdi, undirstrikar mikilvægi stoltsins og að öskra af sannfæringu:

*Leggið ykkur fram, látið það flakka, og öskrið eins og ljón,*

*Segið öllum heiminum, að við munum aldrei hætta að reyna „*

*Við erum Lions, okkur verður ekki hafnað, nei, nei, nei,*

*Svo leggið hart að ykkur og styrkið stoltið.*

Hér er lykillinn: Finnið ykkur það hlutverk innan klúbbsins sem hentar ykkur best. Og finnið verkefni fyrir klúbbinn sem hentar samfélaginu best. Fótboltastjarnan Mia Hamm skildi að þegar upp er staðið, þá er uppspretta hvatningar, umhyggja eða samstaða. Hún sagði:

„Þú þarft ekki að finna upp hjólið aftur“.

Talaðu við Lionsfélaga í öðrum klúbbum. Lestu Lionsblaðið vandlega og farðu inn á vefsíðu Lions (vefsíðu LCI, Alþjóðasamtaka Lions). Þar færðu mikið af hugmyndum og ráðleggingum. Notið „Byggjum upp betri klúbb“, en það er aðferð sem ég hef þróað. Það er einfalt, fjögurra þrepa ferli. Metið klúbbinn, setjið raunhæf, mælanleg markmið, gerið áætlun og síðan framkvæmið áætlunina.

Þetta virðist bara vera heilbrigðri skynsemi og þannig er það einmitt. En skynsemi segir okkur líka að fara nýjar leiðir, að gera breytingar og úrbætur. Til að styrkja stoltið, þarft þú að stefna fram á við og fylgja áætlun. Öskraðu af stolti, áður en þú stekkur fram og endilega taktu stökkið. Árangurinn af verkefnum okkar byggist á því að sýna það sem við erum stolt af og meta að verðleikum getu okkar. Rithöfundur Henry David Thoreau orðaði þetta svona: „Ef maður stefnir af öryggi í átt að draumum sínum og leggur sig fram við að lifa lífinu, eins og maður óskar sér að það verði, þá mun maður ná óvæntum árangri í fyllingu tímans“.

*Joe Preston*

Joe Preston

Lions Clubs International President

Þýðing: Guðrún Björt Ingvadóttir

## Fréttir frá Lionsklúbbi Hveragerðis og Lionsklúbbum Eden



Blóðsykursmælingar fóru fram hjá Lionsklúbbi Hveragerðis og Lionsklúbbum Eden í samstarfi við Hjúkrunarheimilið Ás og Heilsugæsluna í Hveragerði dagana 14. og 15. nóvember í Sunnumörk.

Mældir voru 430 einstaklingar og af þeim var einn sendur akút á sjúkrahús en 4 aðrir í frekara tékk við fyrsta tækifæri. Mælt var í um 3 klst hvorn dag.

Vilmundur Kristjánsson



# Fréttamolar

Tryggvi Kristjánsson

fjölumðæmisstjóri MD 109



Það má segja að hjá okkur sem stýrum hreyfingunni sé hálfleikur, starfsárið hálfnað og gott að líta til baka og sjá árangurinn. En það hefur komið mér a.m.k. á óvart hve fjölbreytt það er, en mjög skemmtilegt.

Nú að loknum nóvember mánuði, getum við verið ánægð með hvernig til tókst við sykursýkismælingar. En það var góð þátttaka klúbba um land allt sem tók þátt í verkefnum

og fer þeim alltaf fjölgandi. Sumir sem mættu í mælingu þurfa að fara til læknis til frekari rannsókna, en aðrir sluppu með skrekkinn. Það er nauðsynlegt að láta fylgjast með sér, og að mæla sykur í blóði er sáraeinföld aðgerð. Lions er með alþjóðlegan sykursýkisdag 14. nóvember. Sykursýkisvarnafulltrúar umdæmanna og heilbrigðisstjóri fjölumðæmisins stóðu sig vel og héldu utanum skráningar um fjölda þeirra sem mættu í mælingu.

Lestrarátakið er í fullum gangi og er fyrirhuguð ráðstefna um treglæsi í febrúar á næsta ári. Nefndin sem stýrir verkefnum er skipuð þrem kjarnakonum þeim Jórinni Guðmundsdóttur Lkl. Ýr, Hrund Hjaltadóttur Lkl. Fold og Dagnýju Finnsdóttur Lkl. Úa. Þær munu að öllum líkindum skila sínu starfi við lok starfsársins, þar sem ákveðið hefur verið að í hvorri umdæmisstjórn verði lestrarátaksfulltrúi, og í fjölumðæminu verði lestrarátaksstjóri. Verkefnið mun öðlast við þetta sína fulltrúa, sem munu vonandi kynna það vel og fá t.d. svæðisstjórana með sér í lið.

Mörg mál koma inn á borð fjölumðæmisstjórnar, og reynum við að afgreiða þau eftir sem við best getum. Vissulega er ekki hægt að verða við öllu, fjárhagsáætlun stýrir okkur og reynum við að halda okkur við hana. Við gerð

fjárhagsáætlunar koma að gjaldkeri, fjölumðæmisstjóri, varafjölumðæmisstjóri og umdæmisstjórnarnir. Þar eru útgjöld næsta starfsárs ákveðin.

Sem fjölumðæmisstjóri verð ég að segja, maður er rétt komin inn í hlutina þegar maður svo lætur af embætti. Gott er við gerð slíkrar áætlunar að hafa einhverja reynslu, en eins og ég segi, hún er rétt komin þá kemur nýr aðili í embættið. Er ekki betra að skipa stjórnir til tveggja ára? Mér finnst að það sé eitthvað sem þarf að skoða með opnum huga.


Þetta og annað sem ég hef nefnt getum við hugleitt, en ljóst er að jólin eru á næsta leiti. Og þá tökum við okkur smá frí frá Lions, ekki þó allir því margir klúbbar eru með verkefni um hátíðarnar. Og eru með sínar fjáraflanir tengdar henni.

En að lokum langar mig að óska öllu Lionsfólki á Íslandi og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og megi þessi hátíð ljóss og friðar verða ykkur öllum ánægjuleg.

Tryggvi Kristjánsson og fjölskylda.



## Minning † Þór Guðjónsson



24. nóvember lést Þór Guðjónsson félagi í Lionsklúbbum Fjölni í Reykjavík og fyrrverandi Umdæmisstjóri. Hann hefur gengt mörgum trúnaðarstörfum fyrir klúbbinn sinn, hann var Umdæmisstjóri 1958-1959 og aftur 1973-1974. Óhætt er að segja að fallinn sé einn af öflugustu Lionsmönnum á Íslandi, en Þór gekk í Lionshreyfinguna 1956. Hann hefur verið virkur þátttakandi alla tíð og var einn af þeim fjölmörgu sem stóðu í stafni á fyrstu árum hreyfingarinnar og það ber að þakka. Þór Guðjónsyni voru þokkuð

þau störf sem hann hefur unnið fyrir Lions, er Fjölumðæmisstjóri 2013 Kristinn Kristjánsson veitti honum Kjaransorðu Lions á Íslandi. En Kjaransorðan er æðsta viðurkenning Lions hér á landi.

Ég vil fyrir hönd Fjölumðæmis MD 109 og alls Lionsfólks á Íslandi votta aðstandendum, okkar innlegustu samúðarkveðjur og þakkar fyrir störf Þórs Guðjónssonar fyrir Lions síðan 1956

Tryggvi Kristjánsson  
Fjölumðæmisstjóri  
MD 109 2014-2015

Þór Guðjónsson, fyrrv. veiðimálastjóri, lést 24. nóv. sl. og var jarðsettur 3. des. Þór var lionsfélagi í meira en 58 ár og um hann má segja að hann hafi verið einn af fyrstu máttarstólpum hreyfingarinnar. Hann gekk í Lkl. Fjölni á fyrsta starfsári klúbbsins veturinn 1956. Á þeim tíma var aðeins eitt lionsumdæmi á Íslandi enda klúbbar fáir og var Þór fljótlega kosinn í umdæmisstjórn og veturinn 1958-59 varð hann umdæmisstjóri. Sumarið 1959 sótti hann svo Alþjóðþing Lions í New York og mælti þá fyrir kjöri sænska fulltrúans í alþjóðastjórnina. Á þessum árum sótti Þór einnig fundi í NSR, Norræna samstarfsráði Lionshreyfingarinnar. Þegar fjölumðæmi var stofnað á Íslandi var hann fyrsti umdæmisstjóri í Umdæmi 109A. Við Fjölnismenn nutum starfskrafta Þórs í ríkum mæli, hann sótti fundi fram á tíræðisaldur og tók þátt í öllum verkefnum klúbbsins af miklum áhuga. Hann var einstakt þróðmenni og fór ekki fram með hávaða en við félagar hans nutum góðs af mikilli reynslu hans og þekkingu. Þór var sæmdur ýmsum viðurkenningum fyrir störf sín á vettvangi Lionshreyfingarinnar og ber þar hæst er hann fyrstur lionsfélaga var sæmdur hinni nýstofnuðu Kjarans-orðu Lionshreyfingarinnar vorið 2013. Við félagarnir í Fjölni kusum hann Melvin Jones féлага árið 1989 og á 80 ára afmæli hans 1997 var hann sæmdur Melvin Jones skildi með demanti. Nú að leiðarlukum þökkum við félagarnir í Lionsklúbbum Fjölni Þór langt og farsælt samstarf og vottum fjölskyldu hans og aðstandendum samúð okkar.

F.h. Lionsklúbbsins Fjölnis  
Ottó Schopka

## Næg verkefni á nýju ári

Einar Þórðarson

umdæmisstjóri 109A



### Heimsóknir

Umdæmisstjórar og varaumdæmisstjórar eru þessar vikurnar að heimsækja klúbba um allt land. Þær eru mjög gefandi og skemmtilegar. Vonandi tekst okkur að koma boðskap Lions á framfæri og svara þeim spurningum sem Lionsfélögum liggur á hjarta hverju sinni. Ánægjulegt er að sjá hve starf klúbba er fjölbreytilegt, eins hvað verkefni eru margbreytileg og yfirbragð fundanna er mismunandi. Hvarvetna hefur mér verið vel tekið sem sýnir að í okkur öllum slær sama Lionshjartað. Ég vil koma hér fram þökkum fyrir góðar og hlýjar móttökur til þeirra klúbba sem ég hef heimsótt.

### Handbók umdæmisstjóra

Við umdæmisstjórnir gáfum út í september sérstaka handbók fyrir embættismenn í umdæmisstjórnunum A og B. Í henni eru allar starfslýsingar, nafnalistar embættismanna

og aðrar mikilvægar upplýsingar. Mikil þörf er á slíkri handbók til að embættismenn hafi yfirsýn yfir bæði sínar skyldur og annarra. Þarna eru starfslýsingar allra stjórnenda og verkefnastjóra innan umdæmanna. Handbókin kemur í stað skipunarbréfa sem lýsir aðeins hlutverki viðkomandi en ekki annarra.

### Kynnið Lions í heimabyggð

Mín hvatningarorð til ykkar félaganna eru: haldið kynningarfundum í ykkar heimabyggð eða -hverfi. Þegar á reynir á veit fólk frekar lítið um starfsemi Lions, veit helst að við erum með Rauða fjöður en oft ekki mikið annað. Það heldur að við séum lokaður klúbbur með ýmis leyndarmál. Svo er ekki. Látið verða að því að kynna klúbbinn og starfið. Verum stolt af Lions.

### Upplýsingarit Lions

Það er til Upplýsingastefna Lions, handbók sem inniheldur ýmsar leiðbeiningar og „verkfæri“ til almannatengsla. Gott fyrir þau sem sjá um kynningar í sínum klúbba, til að efla þekkingu um Lions og áhuga fólks til að ganga til liðs við og starfa ötulllega innan Lions.

### Opið hús

– Ég vil minna á næstu Opnu húsi. Þau verða 5. desember, 9. janúar og 6. febrúar. Þangað koma Lionsfélagar til hitta mann og annan, fá sér kaffi og kleinur, jafnvel versla á Lionsskrifstofunni. Boðið er upp á léttar veitingar fyrir þá sem vilja. Kostar aðeins 500 krónur. Ef þú ert í Reykjavík á þessum tíma þá endilega kíktu við í Lionsheimilið milli klukkan 12:00 og 13:00. Upplagt að taka með sér gesti.

### Rauð fjöður

Tökum frá 17.-19. apríl í vor fyrir Rauða fjöður. Þá verður landssöfnun Lions og safnað fyrir blindrahundum í samstarfi við Blindrafélagið.

### Þing á Seyðisfirði

Þingið verður 14.-16. maí á Seyðisfirði. Undirbúningur þinghaldara er í fullum gangi og vonandi verður góð mæting klúbba á þingið. Hvetjið varastjórnirnar til að skrá sig. Þeir klúbbar verða með stórafmæli og það verður gaman að taka þátt í afmælisveislum þeirra.

### Lionsvefurinn

Vefurinn hefur ekki verið eins og best verður á kosið. Ástæðan er síendurteknar netárásir í marga mánuði sem ollu því að hann varð óstarfhæfur í margar vikur. Þó að reynt hafi verið að laga öryggisvarnir hans þá var hönnun hans orðin gömul sem var ein ástæða þess að hægt var að „hakka“ hann. Nýr vefur var tekinn í notkun, þó svo að hönnun hans væri ekki alveg lokið. Einnig var byrjað að flytja gögn af gamla vefnum yfir á þann nýja. Sú vinna reyndist flóknari en gert var ráð fyrir. Óvíst er hvenær vefurinn verður endanlega tilbúinn en stöðug vinna við hann er í gangi. Félagavefurinn er t.d. ekki tilbúinn. Við vonum að Lionsfélagar sýni biðlund og ef þeim vantar upplýsingar þá er alltaf hægt að senda tölvupóst á Lionsskrifstofuna og fá aðstoð.



## Fréttir frá Lionsklúbba Bolungarvíkur

Lionsklúbbur Bolungarvíkur færði Sigurði Gíslasyni nýverið Melvin Jones Viðurkenningu sem er æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar og er veitt fyrir mikið og fórnfúst starf í þágu hreyfingarinnar. Það var Jónas Guðmundsson, formaður Lionsklúbbs Bolungarvíkur, sem færði Sigurði viðurkenninguna á fundi klúbbsins í nóvember.

Sigurður Gíslason á að baki starfsferil sem spannar nokkra áratugi í Lionshreyfingunni og hefur komið að mörgum góðum framfaramálum í gegnum tíðina. Hann var einn stofnenda og fyrsti formaður Lionsklúbbs Borgarness og var um nokkurt skeið formaður Lionsklúbbs Reykjavíkur en síðustu árin hefur hann starfað í Lionsklúbba Bolungarvíkur þar sem hann hefur látið líknarmálin sig sérstaklega varða.



Jónas Guðmundsson,  
settur formaður Lionsklúbbs Bolungarvíkur

# Ungmennaskipti 2015

Pálmi Hannesson

Ungmennaskiptastjóri



Í lok október var evrópuþing Lions haldið í Birmingham, þau sem fóru á þingið í ár ásamt mér voru Tryggvi Kristjánsson fjölum-dæmisstjóri, Árni V. Friðriksson alþjóðasamkiptastjóri, einnig voru á þinginu þau Jón Bjarni Þorsteinsson og Guðrún Björt Ingvadóttir fyrrverandi alþjóðastjórnarmenn. Stífl fundarhöld eru hjá okkur sem sinnum ungmennaskiptaverkefninu, mikil samvinna er á milli okkar og hinna norðurlandanna. Við hittumst á fundi þar sem við bárum saman bækur okkar áður en sjálft þingið hófst, eru þetta góðir fundir og leggjum við fram tillögur þar sem við komum saman sem ein þjóð. Eins og á síðasta þingi þá var eitt aðalmálið hjá okkur norðurlandafélögunum að leggja fram tillögu þess efnis að áfengi og eiturlyf væru bönnuð í búðunum, allir fundargestir voru sammála með eiturlyf en því miður náðum við ekki í gegn áfengisbanninu en töpuðum þó með minni mun en á síðasta þingi. Við gefumst ekki upp, verðum með þetta mál aftur á næsta ári. Ýmislegt er rætt á þessum fundum um hvað betur má fara, einnig höfum við verið frekar ósátt við að sumar þjóðir eru að rukka

búðargjöld fyrir dvölinna hjá ungmennunum. Það er að mörgu leiti frekar óréttlátt, t.d. erum við ekki að rukka nein gjöld en þurfum svo að greiða allt upp í 350 evrur fyrir dvölinna. Ég hef stundum verði að hugsa hvort við ættum að fara sömu leið og fara fram á gjald frá sömu þjóðum, þarna er aftur á móti samstaðan hjá okkur á norðurlöndunum, við erum alfarið á móti svona gjaldi. Þingið hjá okkur endar ávallt á því sem kallað er BAZAR, þá erum við að semja við þær þjóðir sem við viljum fá ungmenni frá á næsta ári. Í ár gerði ég samninga við 18 þjóðir, 17 ungmenni sem koma til með að vera í heimagistingu og síðan búðunum hjá okkur og svo átjándi ungmenni kemur frá Japan en eins og undanfarin ár þá kemur sá aðili ekki fyrir en í ágúst og er þar af leiðandi eingöngu í heimagistingu. Yfirleitt er sá háttur hafður á hjá okkur að klúbbur svæðisstjóra hefur rétt á að velja ungmenni til utanfarar. Það hafa verið að fara frá 6 og upp í 10 ungmenni utan á okkar vegum þannig að við eigum alltaf nokkur pláss laus. Ekkert er því til fyrirstöðu ef einhver vill senda ungmenni í búðir erlendis og er tilbúinn í að greiða ferðakostnað úr eigin vasa að nýta sér þau lausu pláss sem við höfum! Þau lönd sem í boði eru sumarið 2015 eru: Noregur, Svíþjóð, Finnland, Danmörk, Austurríki, Sviss, Belgía, Holland, Þýskaland, England, Ítalía, Tyrkland, Ísrael, Pólland, Tékkland, Rúmenía, Japan og Króatía.

### Heimagisting – Gistifjölskyldur óskast !!!!!!!!!!!

Eins og alltaf þegar við stöndum í svona verkefni eins og ungmennaskipti eru þá þurfum við á hjálp Lionsfélaga að halda. Lionsfélaga sem tilbúnir eru í að opna heimili sín fyrir þessum ungmennum og bjóða þeim að dvelja hjá sér í eina viku fyrir ungmennabúðirnar. Því miður hefur það verið frekar erfitt að leysa þetta verkefni en von mín er sú



Sumir eru flottari en aðrir!

að við verðum komin með gistifjölskyldur fyrir lok janúar. Það er mikill munur fyrir krakkana sem eru að koma að vera búin að vera í sambandi við sína gistifjölskyldu áður en þau koma til landsins. Áætlað er að ungmennin komi 2. júlí, dvölin hefst á heimagistingunni og síðan er haldið í búðirnar 9. júlí.

Kæru Lionsfélagar, ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla með von um að þið takið vel á móti ungmennunum sem eru að koma til okkar.

Lionskveðja.



Tryggvi Kristjánsson fjölum-dæmisstjóri, Pálmi Hannesson ungmennask.stjóri og Árni V. Friðriksson alþjóðasamsk. stjóri



Árni, Tryggvi, Guðrún Björt, Jón Bjarni og Pálmi.

## Fræðslukorn

Sigfríð Andradóttir

GLT fulltrúi, umdæmi 109B



Mig langar til að deila með ykkur nokkrum punktum um skýrslugerð á netinu fyrir ritara. Í fyrsta lagi þá þurfa ritara í byrjun hvers starfsárs að fá aðgangsorð og lykilorð hjá stúlkunum á lionsskrifstofunni. Ritara þurfa að skrá sig inn á vef lions í Oak Brook mánaðarlega til að skrá hvort að um breytingar sé að ræða (nýir félagar, félagar hættir af ýmsum ástæðum eða engar breytingar). Einnig er mikilvægt að skila verkefnaskýrslu, í þeim skrá ritara niður hvaða verkefni klúbburinn gerði t.d. gróðursetja tré, það telst umhverfisverkefni, sykursýkismælingar eiga sinn stað og einnig sjónverndin, lestrarátakið og svo mætti lengi telja. Nú er svo að ekki hafa allir sem taka að sér ritarastarfið þá tölvuþekkingu og kunnáttu til að skrá skýrslurnar. Þar sem svo er háttað er spurning um það hvort að einhver annar félagi í klúbbnum sem er tölvuvænn taki að sér að sjá um þennan hluta ritarastarfsins. Viðkomandi gæti þess vegna verið titlaður „skýrsluritari“ og starfað í fleiri en eitt

ár í senn. Það er um að gera að vera dugleg að skrá öll verkefni sem að klúbburinn framkvæmir. Það er mikilvægt að standa sig vel í þessu því að ritari hvers klúbbs endurspeglar hann hjá lionsshreyfingunni úti. Við hér á Íslandi vitum hvað íslenskir klúbbar eru megnugir en til þess að það komi fram hjá alþjóðahreyfingunni verða ritara að standa sig í skýrslugerðinni. Til er handbók sem að þeir ritara sem mæta á þingin á vorin fá afhenda og í henni er farið í það hvernig maður skráir inn skýrslurnar. Hún var á gamla lionsvefnum en þar sem að nýja síðan er enn í smíðum þá er fræðsluefnið ekki enn komið inn þegar þetta er skrifað. Þeir sem vilja nálgast hana hjá mér vinsamlegast sendið mér tölvupóst á netfangið sigfrida@simnet.is eins ef þið hafið einhverjar aðrar spurningar um fræðslumál endilega hafið samband við mig, GLT-fulltrúa A-umdæmisins Eggert J. Levy (eggertlevy@gmail.com) og/eða Halldór Kristjánsson GLT fulltrúa fjölmæmisins (halldor@tv.is)

## Fréttir frá Lionsklúbb Búðardals



Lionsklúbbur Búðardals hefur undanfarin ár gengið í hús rétt fyrir aðventu og selt jólavarning til íbúa í Dalabyggð. Í ár var sú ákvörðun tekin að breyta út af þeirri venju og vera með jólamarkað í þess stað. Ekki hættum við þó alveg að fara í hús með varninginn því þeir sem vilja fá okkur í heimsókn geta haft samband og við komum til þeirra með vörurnar. Það er ósk okkar að íbúar hér í Dalabyggð taki vel í þessa

nýbreytni okkar og versli af okkur eins og áður þó að þessi breyting hafi orðið ofan á. Þessi sala okkar er hluti af fjáröflun klúbbsins á hverju ári.

Starfið í klúbbnum hefur farið ágætlega af stað þetta árið. Okkur hefur fækkað nokkuð þrátt fyrir viðleitni að fjölga á síðasta starfsári en þá gengu þrír í klúbbinn. Nokkrir hafa ákveðið að taka sér leyfi í vetur þannig að heildartala okkar hefur farið niður því miður.

En það er ósk okkar að þeir félagar komi aftur inn ferskir eftir eins árs hvíld.

Félagar í Lionsklúbbi Búðardals óska öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári og vona að lionsstarf dafni allsstaðar vel því að ekki má gleyma að við leggjum lið hverjum sem þess þarfnast.

*Porkell Cýrusson, ritsjóri og ljósmyndari  
Lionsklúbbs Búðardals*

## Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.  
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.



# Myndir úr starfi Lionsklúbbsins Seylu Álftanesi



Súpa elduð á fjölmæmisfundum.



Konukoti afhent lopateppi.



Halldór Kristjánsson fær viðurkenningu.



Seylukonur við fjöruhreinsun á Álftanesi.



Við rúllustandinn í Ráðhúsinu á WSD daginn.



Seylukonur sáu um kaffihúsið í Ráðhúsinu.



Fyrsta fjáröflunarverkefnið- lopatöskur.



Stofnfundur Seylu, 1. mars 2012.



Halldór Kristjánsson með nýliðafræðslu á félagsfundum.

# Lionsklúbbur Ísafjarðar bauð ókeypiss mælingu á blóðsykri og fræðslu um sykursýki

Lionsklúbbur Ísafjarðar í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða bauð Ísfirðingum og nágrennum ókeypiss blóðsykurmælingu fimmtudaginn 27. nóvember. Mælingin fór fram í verslunum Samkaupa og Bónus á Ísafirði á milli klukkan 14 og 16. Lionsfélagar dreifðu fræðslubæklingi um sykursýki og hættuna af sjúkdómnum og hjúkrunarfræðingar á vegum Heilsugæslunnar buðu fólki ókeypiss blóðsykurmælingu. Ísfirðingar voru duglegir að nýta sér þetta tækifæri og blóðsykur var mældur í 200 manns á öllum aldri.

Lionsklúbbs Ísafjarðar tók nú í fyrsta sinn þátt í herferð Lionshreyfingarinnar á Íslandi gegn sykursýki og afleiðingum hennar. Framtakið mæltist vel fyrir og verður væntanlega endurtekið að ári liðnu. Lionsklúbbur Ísafjarðar þakkar Heilbrigðisstofnun Vestfjarða fyrir aðstoð og stuðning við blóðsykurmælinguna.

Á meðfylgjandi mynd er Anette Hansen hjúkrunarfræðingur að mæla blóðsykurinn hjá þakklátum bæjarbúa.

Sigurður Pétursson



## Lionsklúbburinn Fjörgyn mælir blóðsykur

Lionsklúbburinn Fjörgyn í Grafarvogi, stóð fyrir mælingu á blóðsykri í húsakynnum Krónunnar á Bíldshöfða 20, föstudaginn 14. nóvember 2014 frá klukkan 13 til 20. Rétt fyrir klukkan eitt var komin biðröð af fólki sem var komið til þess að láta mæla blóðsykurinn. Fjörgynjarmenn voru fljótir að vinda niður af röðinni enda þrír til fjórir að mæla þegar mest var að gera.

Það komu 657 einstaklingar til mælinga þennan dag, 381 kona og 276 karlar, hæsta mæligildið var 14,8 hjá konu á áttræðisaldri, en alls voru 9 einstaklingar með mæligildi 10 og hærra. 33 einstaklingar mældust með blóðsykur yfir 8 eða 5%. Sé litið á önnur frávík þá kemur í ljós að 70 einstaklingar mældust með blóðsykur 7 og hærra eða 10,7%. Lágildi geta líka verið vandamál en 11 einstaklingar mældust með lágan blóðsykur á bilinu 3 – 4 sem jafnframt voru lægstu mæligildin.

Að lokum er vert að þakka öllum þeim sem lögðu þessa þarfa verkefni lið, þó kannski sérstaklega hjúkrunarkonum frá BUGL og ennfremur eigendum Krónunnar og Húsgagnahallarinnar Bíldshöfða fyrir dyggan stuðning.

Eggert J. Levy, formaður verkefnanefndar  
Lkl. Fjörgynjar 2014 – 2015.



## Mettum svanga



### Desember og janúar eru mánuðir sem Lions um allan heim mettar svanga

Við erum ekki að tala um að fólk hér á landi búi við hungursneyð, en margir eiga erfitt með að kaupa í matinn og eða að elda mat af heilsufarsástæðum. Ýmsir eiga ekki fyrir mat dags daglega, eða geta ekki gert sér dagamun á hátíðum. Hér eru nokkrar hugmyndir sem Lionsklúbbar geta auðveldlega framkvæmt.

### 10 hugmyndir til að mataraðstoða

- Fylgja og aðstoða blinda eða fatlaða við að kaupa í matinn.
- Útvega akstur fyrir aldraða, svo þeir geta farið í matarinnkaup.

- Taka að sér fjölskyldu sem á í erfiðleikum með að elda, eða kaupa í matinn.
- Útbúa og gefa matarkörfur til fjölskyldna í neyð, t.d. fyrir jól eða aðrar hátíðir.
- Bjóða öldruðum eða fötluðum upp á nestisferðir (picknick) á sumrin.
- Bjóða upp á grillmat í almenningsgarði í bænum á sumrin.
- Hjálpa fólki við að rækta grænmeti á sumrin.
- Samstarf við stofnanir í samfélaginu sem sinna þurfandi fólki á þessu sviði.
- Samstarf við veitingastaði um að gefa mat sem verður afgang.
- Vinna með heilbrigðisstarfsfólki að veita ókeypiss fræðslu um næringu og matargerð.

# KidSight USA – mikilvægur liður í sjónvernd barna

Eftir Eric Margules



Fjöldi barna í Bandaríkjunum með sjóndepru fá ekki greiningu á vandanum fyrr en þau fara í skóla og í ljós kemur að þau eiga í námserfiðleikum eða þau fylgjast ekki með í tímum. Þá er jafnvel orðið of seint er að grípa inni. Rannsóknir sýna að sé sjóndepra ekki greind og við henni brugðist á fyrstu æviárunum sé hætt á að hún verði orðin viðvarandi vandamál um sjö ára aldur. Vegna þessa var verkefninu Lions KidSight USA (Barnasjón BNA) komið á laggirnar.

KidSight USA er nýtt verkefni sem sameinar KidSight og Lions í Bandaríkjunum með því að skima sjón smábarna frá 6 mánaða til 6 ára aldurs. Nú þegar skimar Lions yfir hálf milljón barna á ári og er þessu nýja verkefni ætlað að bæta þann árangur með því að ná til svæða innan Bandaríkjanna sem hingað til hafa ekki notið þessarar þjónustu.

„Sjónin hefur áhrif á hvernig börnin skynja heiminn en hún hefur einnig áhrif á hæfileika þeirra til að læra“ segir Dr. Ed Cordes stjórnarformaður Lions KidSight USA. „Áttatíu prósent af því sem við lærum er á sjónrænan hátt, þess vegna þurfum við að ná til allra barna og kanna hvort augnvandamál hamli þeim í námi. Og við þurfum að skima sjón þeirra það snemma að hægt sé að laga það sem kann að vera að.“

Með þriggja þrepa sjónprófi hefur KidSight USA komið til móts við alla klúbba og umdæmi, með allt frá einfaldri skimun í héraði til fjölmudæma. Hægt er að þróa prófin áfram þannig að með tíð og tíma sé unnt að koma til móts við þarfir einstakra klúbba og samfélaga. Lionsklúbbar sem hafa öðlast reynslu í skimun munu vinna með nýjum klúbbum og umdæmum og hjálpa þeim að koma upp eigin aðstöðu við skimun. Verkefnið hefur verið styrkt af LCIF auk þess sem Welch Allyn og Plusoptix sjóntækjaframleiðendur hafa lagt til skimunartæki. „KidSight USA er mikilvægur liður í þjóðaráttaki í heilsuvernd barna sem byggir á hlutdeild okkar í sjónvernd sem við erum afar stolt af,“ segir Joe Preston alþjóðaforseti Lions. „Öll börn eiga rétt á að sjá heiminn skýrt og greinilega og með hjálp Lions vonum við að svo verði.“

Aðeins tekur nokkrar mínútur að þjálfa Lionsfélaga eða sjálfboðaliða í að skima sjón barna. Áætlað er að um fjórar milljónir barna þarfnist framhaldsmeðferðar sérfræðinga eftir skimun, svo enginn vafi leikur á nauðsyn verkefnisins.

Með því að þrýsta á nokkra hnappa hjálpa Lionsfélagar til við að bjarga sjón barna í samfélaginu.

*Þýðing: Edda Briem*

## Takið daginn frá:

**Fimmtudaginn 12. febrúar 2015, kl. kl. 16:30-18:30**



**Alþjóðlegt Lionsverkefni 2012-2022:  
Lestraráttak – Barátta gegn treglæsi**

**Málþing Lions í Norræna húsinu**  
Fimmtudaginn 12. febrúar 2015, kl. 16:30-18:30

## Hvernig getum við hjálpað?

spurði Joe Preston alþjóðaforseti Lions, Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra, þegar þeir ræddu um lestarvandann. Illugi var mjög ánægður að heyra af lestrarátaki Lions og um verkefni Lions á Íslandi. Joe var mjög áhugasamur um lestrarátak á vegum menntamálaráðuneytisins.

„How can we help?“ spurði Joe og málið fór í nýjan farveg, sem sagt verður frá á málþingi í febrúar. Takið daginn frá og kynnið félögum og fagfólki. Nánari upplýsingar eftir áramót.



# Í samræmi við starfsreglur og lög fjölumdamemis 109 vill fjölumdamemisstjórn koma eftirfarandi á framfæri til allra Lionsfélaga

Fjölumdamemis- og umdamemisþing verða haldin á Seyðisfirði dagana 15. og 16. maí 2015.

Framboð til embætta og tillögur sem taka skal fyrir á fjölumdamemis- og umdamemisþingum 2015

Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er samkvæmt 27. gr. laga fjölumdamemis 109 og í þeirri grein segir:

1. Mál og / eða tillögur sem klúbbur og/eða klúbbar óska eftir að séu rædd á umdamemisþingi / fjölumdamemisþingi, skulu póstleggjast umdamemisstjóra / fjölumdamemisstjóra eigi síðar en 45 dögum fyrir umdamemisþing / fjölumdamemisþing. **(Síðasti skiladagur fyrir 60. Lionsþing er því 31. mars 2015.)** Fjölumdamemisráð / umdamemisstjórnir fjalla um slíkar tillögur og gefa þeim álit.
2. Tillögur um framboð til embætta umdamemisstjóra, fyrsta og annars varaumdamemisstjóra fyrir starfsárið 2015 – 2016 skal senda kjörnefndum **fyrir 15. febrúar 2015**. Kjörgengi til embættis umdamemisstjóra hefur fyrsti varaumdamemisstjóri, kjörgengi til embættis fyrsta varaumdamemisstjóra hefur annar varaumdamemisstjóri. Um kjörgengi til embættis annars varaumdamemisstjóra segir í 36. gr. laga Fjölumdamemis 109:

#### Sá einstaklingur skal vera:

- a) Starfandi Lionsfélagi og hafa staðið í skilum við klúbb sinn, enda sé klúbburinn einnig skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjölumdamemi 109.
  - b) Hafa tryggt sér stuðning síns klúbbs eða meiri hluta klúbba síns umdamemis.
  - c) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti sem formaður Lionsklúbbs og hafa setið í stjórn Lionsklúbbs í a.m.k. tvö önnur ár.
  - d) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti (svæðisstjóri, gjaldkeri/ritari) í umdamemisstjórn.
  - e) Ekki má gegna ofangreindum embættum (c og d) samtímis nema til komi undanþága frá Alþjóðastjórn.
3. Tillögur um framboð til embættis fjölumdamemisstjóra fyrir starfsárið 2015 – 2016 og embættis vara fjölumdamemisstjóra fyrir starfsárið 2015 – 2016 skal senda fjölumdamemisritara **fyrir 15. febrúar 2015**. Þeir einir eru kjörgengir til embættis fjölumdamemisstjóra sem hafa gegnt embætti vara fjölumdamemisstjóra og til embættis vara fjölumdamemisstjóra sem gengt hafa embætti umdamemisstjóra.
  4. Á umdamemis- og fjölumdamemisþingum á Seyðisfirði verður:
    - a) Kosið í embætti umdamemisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2015 – 2016.
    - b) Kosið í embætti fyrsta og annars varaumdamemisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2015 – 2016.
    - c) Kosið í embætti fjölumdamemisstjóra starfsárið 2015 – 2016.
    - d) Kosið í embætti vara fjölumdamemisstjóra starfsárið 2015 – 2016.

Einnig þarf að kjósa eða skipa í eftirtalin embætti fjölumdamemisráðs með framboðsfresti til 15. febrúar 2015: Ungmennaskiptastjóra til þriggja ára.

Embætti sem þarf að kjósa um á fjölumdamemisþingi en ekki senda inn tillögur um eru:

Fjölumdamemisritari til eins árs, fjölumdamemisgjaldkeri til eins árs, tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara til eins árs.

Þessi embætti eru án skilyrða og opin öllum áhugasömum Lionsfélögum.



Dalvík, 18 nóvember 2014.  
Tryggvi Kristjánsson  
fjölumdamemisstjóri

# Lions Quest gerir gæfumuninn í Tyrklandi eftir Allie Lawrence



*Lions Quest kennir börnum í Tyrklandi hvornig er best að takast á við erfiðleika með jákvæðu hugarfari.*

Nemendur vítt og breytt um heiminn verða fyrir einelti og miklum þrýstingi frá jafnöldrum sínum. Þetta hefur áhrif á heilsu þeirra, velferð og ekki síður námsárangur. Í Tyrklandi er þetta verulega mikið vandamál vegna skólakerfis sem gerir mjög háar kröfur og litlir möguleikar eru á öðrum námstækifærum.

„Í Tyrklandi er frekar mikið af ungu fólki og aðeins 1/3 þeirra kemst í háskóla vegna samkeppninnar. Nemendurnir eru því undir stöðugu álagi,“ segir fyrrverandi umdæmisstjóri Nilgun Erdem Niord félagi í Lkl. Mavi Halic.

Á þessu sviði gerir Lions Quest gríðarlega mikið gagn. Námsefnið kennir þeim hversu mikilsvirði það er að taka jákvæða afstöðu í lífinu og til menntunar.

Síðan 2009 hafa Lionsfélagar í Fjöllumdæmi 118 Tyrkland veitt meira en 270.000 dollara styrk til Lions Quest í gegnum alþjóða hjálparsjóðinn LCIF. Með samvinnu LCIF og hjálparsjóðs Lions í Tyrklandi hefur tekist að koma Lions Quest efninu að í fjölmörgum skólum í Tyrklandi og árangurinn er að koma í ljós. „Klúbburinn minn hefur alla tíð haft menntunar málefni á sinni stefnuskrá. Þegar við komumst að því að við gætum fengið hjálp frá LCIF við að koma Lions Quest af stað var mun auðveldara að taka ákvörðun og þá varð ekki aftur snúið,“ segir Niord.

Í dag er Lions Quest eina lífsleikni námsefnið sem er í boði í Tyrklandi með stuðningi frá menntamálaráðuneytinu. Bosphorus Háskóli vinnur nú að árangursmati á Lions Quest og von er á niðurstöðum fljótlega. Lions Quest leiðbeinendur og Lionsfélagar í Tyrklandi telja sig hins vegar strax sjá gildi þess að lífsleikni sé kennd í skólunum.

„Það var menntun leiðbeinendanna sem vakti áhuga minn á verkefninu,“ segir Mine Guven prófessor í kennslufræðum við Bosphorus Háskóla. „Áskorunin er allstaðar sú sama í heiminum. Með því að kenna börnum Lions Quest tekst okkur að halda ró og kyrrð í skólastofunum og ná þannig betri árangri í kennslunni.“

„Meira en 1.000 kennarar hafa nú fengið þjálfun til að kenna Lions Quest í Tyrklandi. Fræðsla og þjálfun eins kennara gefur bara honum tækifæri til að ná til þúsunda barna. Hugsjið ykkur hvaða árangri þessir 1.000 kennarar geta þá náð á þeim árum sem þeir kenna,“ segir Fatos Erkmann sálfræðingur og prófessor við fræðslu og rannsóknarsetur Bosphorus Háskóla. „Við eru mjög spennt fyrir þessu samstarfi við Lions. Námsefnið nær yfir svo margt sem við erum að rannsaka. Námskrá Lions Quest nær yfir svo breytt svið og fellur svo vel að okkar hugmyndum um ró og kyrrð og góðan undirbúning ungs fólks fyrir framtíðina.“

Uppfærsla á Lions Quest námsefninu sem verður tilbúin 2015. Hún er nútímalegri og tekur á nýjum áskorunum sem börnin standa frammi fyrir. Með stuðningi frá Lions í Tyrklandi mun efnið verða þýtt og staðfært að Tyrkneskum aðstæðum. Markmiðið með kennslu Lions Quest í Tyrklandi er að undirbúa börnin fyrir framtíðina en ekki síður að skapa umhverfi þar sem börnin læra að fá sem mest út úr öðru námi sem þau stunda í skólunum. Hingað til virðist það virka vel.

„Kyrrðin byrjar innra með okkur og Lions Quest hjálpar börnunum við að finna þessa kyrrð,“ segir Niord. „Við kennum börnunum að öðlast innri ró, að vera friðsöm og bera virðingu fyrir öðrum. Með því getum við skapað frið í heiminum“

## Stuðtónleikar Fjörgynjar



Loftur Ingi Sveinsson formaður Fjörgynjar, Ólafur Ragnar Grímsson og Einar Þórðarson umdæmisstjóri 109A og félagi í Fjörgyn.



Kirkjan var þéttsetin gestum og komust færri að en vildu.

Eitt skemmtilegasta árlega verkefnið hjá Fjörgyn síðustu tólf árin eru styrktartónleikar fyrir BUGL og líknarsjóð klúbbsins. Húsfyllir hefur verið öll árin (nema eitt).

Fyrir 12 árum mátti lesa eftirfarandi eftir "Víkverja" Morgunblaðsins: „Víkverji fór á ljúfa tónleika í Grafarvogskirkju í síðustu viku. Þar voru saman komnir á tólfta hundrað gestir til styrktar barna- og unglíngageðdeild Landsspítala háskólasjúkrahúss sem Lionsklúbburinn Fjörgyn stóð fyrir. Og því lík stemmning. Söngvarar eins og KK og Ellen Kristjánsdóttir, Bubbi, Bergþór Pálsson, Páll Óskar og Páll Rósinkrans höfðu lag á að hrífa kirkjugesti með sér og sumir fengu þá með í söng. Og Gospelkór Reykjavíkur var sérkapítuli. Því lík túlkun og kórfélagarnir gáfu sig alla í sönginn. Og að fá að vera sjálfur þátttakandi í þessum rúmlega þúsund manna kór kirkjugesta sem söng laglínur eins og Lífið er dásamlegt og He's got the whole world in his hand var hreint út sagt stórkostlegt. ... Þessi fjáröflunarleið hitti í mark.“

Tónleikarnir í ár voru engin undantekning frá þeim fyrstu nema að núna er hámarksfjöldi gesta um 750. Friður hópur tónlistarfólks lagði okkur lið í ár. Karlakór Reykjavíkur, Voces Masculorum, Bergþór Pálsson, Egill Ólafsson, Friðrik Ómar, Matti og Jógvan, Gissur Páll, Guðrún Árný, Guðrún Gunnarsdóttir, Kristján Jóhannsson og Geir Ólaf, KK og Ellen,

Margrét Eir, Páll Rósinkrans, Regína Ósk og stuðboltinn Raggi Bjarna sem var í ellefta sinn með okkur. Undirleikarar: Jónas Þórir, Matthías Stefánsson, Óskar Einarsson og Þorgeir Ástvaldsson

Kynnir kvöldsins var Gísli Einarsson og hreif hann gesti með sér með margvíslegri glettni. Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sótti tónleikana eins og hann hefur gert mörgum sinnum áður.

Það er venja að Raggi Bjarna ljúki tónleikunum og hrífur hann gesti og Voces Masculorum með sér í söng. Í tilefni 80 ára afmælis hans færði Loftur, formaður klúbbsins, honum blómvönd.

Mikil vinna er að baki í klúbbum og er varlega áætlað að félagar hafi notað 400 vinnustundir í margvíslegan undirbúning að tónleikunum.

Lionsklúbburinn Fold sá svo til þess að gestir og Lionsfélagar gætu fengið sér hressingu í hléi. Sala veitinga er hluti af fjáröflun í líknarsjóð Foldar.

Gestir gerðu góðan róm að dagskrá kvöldsins og var létt yfir þeim þegar þeir yfirgáfu Grafarvogskirkju.

Á Facebook síðu klúbbsins (<https://www.facebook.com/groups/169839773070406/>) má sjá myndir frá tónleikunum.

Þór Steinarsson

## Fréttir frá klúbbunum í Stykkishólmi



Sykurmælingin hjá Lionsklúbbi Stykkishólms og Lionsklúbbum Hörfu gekk mjög vel. Þórný Baldursdóttir hjúkrunarfræðingur og lionskona sá um mælingar á blóðsykri og blóðþrýstingi. Alls voru 53



mældir. Gestum var boðið upp á kaffi og piparkökur að mælingu lokinni. Skapaðist ágætis kaffihústæmning í Lionshúsinu.

Bestu Lionskveðjur,

Unnur Valdimarsdóttir formaður Lionsklúbbsins Hörfu



## Lions Environmental PHOTO CONTEST

### Ljósmyndir úr náttúrunni

Allir áhugasamir ljósmyndaraar hafa sem fyrr tækifæri á að senda fallega náttúrulífsmynd í Ljósmyndakeppni Lions. Myndefni leynast úti um allt land.

#### Lions-ljósmyndarar

Lionsshreyfingin á Íslandi á marga fjölhæfa einstaklinga í sínum röðum, þar á meðal afburða ljósmyndara. Lionsfélagar eru hvattir til að sýna hvað í þeim býr og taka þátt í alþjóðlegu ljósmyndasamkeppni Lions, sem við munum nú í sjötta sinn taka þátt í. Öll hin fimm skiptin höfum við verið sigursæl - komist í alþjóðalega Lionsalmanakið.

Það eru mörg ljósmyndatækifæri framundan, fyrstu snjókornin, margt er til í pokahorinu frá örðumárstíðum. Við hvetjum til að drífa í þessu fljótlega, tíminn flýgur Klúbbar þurfa að ákveða strax eftir jól, hvaða mynd þeir senda, en fresturinn rennur út 1. febrúar 2015.

#### Umhverfisvernd Lions

Árið 1972 samþykkti alþjóðastjórn Lions stefnuýfirlýsingu í umhverfismálum. Þar segir m.a.: "Lionshreyfingin er ein þessara alþjóðastofnana sem ættu að leggja fram krafta sína til að bæta og vernda umhverfið til hagsbóta fyrir alla menn og afkomendur þeirra."

**Keppnisreglur Markmiðið með keppninni er að minna á umhverfisverkefni Lions og sýna feegurð náttúrunnar.** Dómnefndir beina sjónum sínum að frumleika, listrænu gildi og myndrænu gildi viðfangsefnisins. Myndirnar skulu vera frummyndir án fólks, óbreyttar, í svart/hvítu eða lit, framkallaðar á pappír (útprentaðar) í stærðinni **20,3 x 25,4 cm, og koma úr eftirtöldum flokkum:**

1. Dýralíf
2. Plöntulíf
3. Landslag úr borg eða náttúru
4. Veðrabrigði

Sérstakt þema þessa árs er:

#### **Lions pride in our environment.**

Staðir og augnablik í okkar umhverfi sem við erum stolt af. Sérstakök áhersla á verkefni Lions

#### Hvert á að senda?

Lionsklúbbur sendir sína mynd á Lionsskrifstofuna Sóltúni 20, 105 Reykjavík, **fyrir 1. febrúar 2015.** Í umslagi merkt: **Náttúruljósmyndir Lions;** merkið umslagið einnig með **umdæmi klúbbsins, A eða B.** Í lokuðu umslagi með myndinni er nafn klúbbsins og ljósmyndara ásamt síma og netfangi. Myndin á að vera **útprentuð**, að stærðinni: 8"x10" eða **20,3 x 25,4 cm.** Dómnefnd velur bestu mynd í hverjum flokki og þar af eina mynd til að senda út í alþjóðlegu samkeppnina.

#### Íslenskar vinningsmyndir

Íslenskum sigurvegurum (vinningsmyndum) verða veittar viðurkenningar á þinginu í vor í öllum fimm flokkunum. Þær verða birtar í Lionsblaðinu, á vefsíðu Lions og sýndar á þinginu í vor. Við reynum koma myndunum á framfæri við fjölmiðla til að vekja athygli á fjölhæfum Lionsfélögum og spennandi tækifærum í Lions. Þetta allt styrkir ímynd Lions og kynnir umhverfisverkefni okkar í leiðinni. **Alþjóðalegar vinningsmyndir** Dómnefnd velur bestu myndirnar og setur í Lionsalmanakið, sem selt er til styrktar LCIF. **Allar** myndirnar verða **sýndar á alþjóðapinginu** og geta þingfulltrúar greitt atkvæði þeirri mynd sem þeir telja besta. Sigurvegarar í hverjum flokki fá viðurkenningu og verða myndirnar birtar á vefsíðu LCI.

**Smáa lettrið:** Lionsljósmyndarar bera sjálfir kostnað við myndtökur og framköllun. Vinningsmyndir verða eign LCI. LCI áskilur sér rétt til að hafna myndum sem uppfylla ekki kröfur eða teljast óviðeignandi.

Kristófer Tómasson Umhverfisstjóri MD109 [katsjs@simnet.is](mailto:katsjs@simnet.is)

## Leiðtogaskóli Lions 2015 – FYRIR ÞIG!



### Ágæti formaður

Vinsamlegast kynntu skólann fyrir félögum í klúbbum þínum. Hvettu sérstaklega til þátttöku, félaga sem þú telur leiðtogaefni, eða einhverja sem eru tilbúnir að miðla efninu áfram til ykkar. Hvað með þig?

Þetta er einstakt tækifæri - ekki missa af því!

### Viltu vera þátttakandi í merkilegu gangverki?

„Nauðsynlegt er fyrir alla að virkja leiðtogann í sér.  
Leiðtogar eru ekki endilega stjórnendur, en leiðtogar  
spyrja spurninga og taka engu sem gefnum hlut.“

*Lee Warren kennari við Harvard háskólann í Bandaríkjunum*



## LeiðtogaSKÓLI Lions 2015

**Tími:** 14.-15. febrúar og 14.-15. mars 2015

**Tvær helgar** = 4 dagar, **alls 32 klst.**

**Heimavinna** (hópvinna) milli helga.

**Staður:** Höfuðborgarsvæðið

**Verð:** Þáttökugjald er 30.000 krónur.  
Innifalið er kennsla, námsgögn og fæði.  
Skólinn er styrktur af alþjóðastjórn Lions  
og ýmsum styrktaraðilum.

**Umsóknarfrestur til 25.janúar 2015**

Umsóknum svarað 30. Janúar 2015

**Þátttakendur:** Allir Lionsfélagar geta sótt um, bæði ungir og óreyndir félagar sem og reyndir embættismenn hreyfingarinnar. Hámarksfjöldi er 30 manns.

**Marmið:** Markmiðið er að þjálf leiðtoga, byggja upp félagana og styrkja klubbstarfið.

**Efni:** Kennit er efni sem Lions Clubs International hefur útbúið í leiðtogaþjálfun (Leadership Development) fyrir Leiðtogaskólana (Leadership Institute). Náms efni og kennsla er á íslensku. M.a. verður kennt: Stjórnunarstílar, leiðtoga hæfileikar. Fjölbreytileikinn og sköpunarkrafturinn. Samskiptahæfileikar, virk hlustun. Að virkja og hvetja. Hópstarf, samvinna, að byggja upp teymi. Frumkvæði og virkni. Markmiðasetning og áætlanagerð. Að taka ákvarðanir og deila út verkefnum. Að leysa vandamál og stjórna deilum. Stjórnun breytinga. Fundarstjórn. Ræðumennska. LCIF og bakland Lions. Upplýsingatækni Lions.

**Upplýsingar og umsóknareyðublöð** fást á Lionsskrifstofunni, sími 561-3122.

Nánari upplýsingar veitir:

Nafn: Halldór Kristjánsson

Sími: 520 9000

Netfang: [halldor@lions.is](mailto:halldor@lions.is)

## Ertu stjórnandi gærdagsins?

**Viltu ná árangri? ... vera í fararbroddi í samfélaginu?  
Gerðu eitthvað í málunum – vertu öflugt tannhjól í gangverkinu.**



## Sykursýkismælingar á Hellu og Hvolsvelli

Föstudaginn 21. nóvember fóru fram sykursýkismælingar á Hellu og Hvolsvelli að undirlagi Lionsklúbbsins Skyggis. Allt gekk með ágætum, mælt var á Hellu í Miðjunni, en þar eru fjórar verslanir opnar á þessum tíma, frá kl. 14:00 - 17:00 og á sama tíma á Hvolsvelli rétt innan við anddyri matvöruverslunarinnar Kjarvals. Tveir hjúkrunarfræðingar mældu á Hellu og einn á Hvolsvelli. Sex lionsfélagar stóðu vaktina og hvöttu fólk til að fara í mælingu.

Nánast allan tímann var fólk í mælingum, margir komu gagnert eftir að hafa séð auglýsingar frá klúbbum sem birtust í bæjarblaðinu Búkollu og í byrjun mynduðust biðraðir. Á Hellu voru 168 manns mældir, flestir voru á eðlilegu róli, en nokkrir voru beðnir að leita frekari rannsókna á heilsgæslustöðvunum í næstu viku. Sama átti við á Hvolsvelli, en þar voru 91 mældir eða 259 samtals á báðum stöðum.

Allir sem tjáðu sig við fulltrúa Skyggis voru ákaflega ánægðir með þetta framtak, hjúkrunarfræðingarnir voru mjög ánægðir með þessa miklu þátttöku. Er þeim færðar bestu þakkir fyrir framkvæmdina.

*Gunnar Aron Ólason*



*Myndir teknar í Miðjunni á Hellu.*

## Frá Lionskúbbnum Emblu

Lionsklúbburinn Embla hóf vetrarstarfið af fullum krafti í september eftir sumarhlé. Það var ýmislegt sem lá fyrir, verið var að leggja lokahönd fyrir afhendingu LUCAS2 hjartahnoðtækis, sem 6 Lionsklúbbar í Árnes-sýslu söfnuðu fyrir og færðu sjúkraflutningamönnum á Selfossi. Þetta góða tæki er ætlað í sjúkrabíreiðarnar og var tæki sem bráðvantaði í þá.

Klúbburinn stendur fyrir diskóteki fyrir fatlaða skjólstaðinga sína tvisvar á ári og var seinna diskótekið haldið í byrjun nóvember. Þar skemmta allir sér vel, dansað, sungið og að endingu bjóðum við upp á kaffi og gott meðlæti. Við tókum virkan þátt í Sjonverndardeginum, sem haldinn var í Reykjavík 14. október s.l. Seinnipartinn í nóvember var klúbburinn með blóðsykursmælingu í Kjarnanum á Selfossi eins og í fyrra, sem margir nýttu sér og væntum við að svo verði áfram. Það er nauðsynlegt að fylgjast með þessu, og þá hægt að benda fólki á að fara til læknis ef þörf er á. Það eru sjúkraliðar í klúbbum sem vinna þetta verk.

Í ár var Lionsklúbburinn Embla 25 ára og



var því fagnað veglega með utanlandsferð til Edinborgar, en í þessa ferð fóru 26 félagar. Ferðin tókst vel í alla staði og komu okkar konur alsælur heim.

Okkar aðal fjáröflun er jólakortasala, og hefur hún gengið vel undanfarin ár. Við erum svo lánsamar að Lionsfélaginn, og listamaðurinn Jón I. Sigurmundsson, hefur teiknað fyrir okkur mynd nú í nokkuð mörg ár, og erum við honum mjög þakklátar fyrir

það. Þetta hafa verið fuglamyndir hver annarri fallægri. Mest af okkar styrkjum fara í nærumhverfi okkar, og aðrir hafa einnig notið góðs af.

Nú er hátíð ljóssins að nálgast, og viljum við Emblu konur senda öllum bestu jóla- kveðjur, með von um friðsæla jólahátíð.

*Blaðafulltrúi Lionsklúbbsins Emblu  
Guðrún Guðnadóttir*

## Eru JÓLIN eru hátíð allra barna?

Guðrún Björt Yngvadóttir

LCIF-stjóri



### Hjálpum börnum í Afríku

Við tölum um jólin sem „hátíð barnanna“ af því að við viljum gleðja börnin okkar og af því að við viljum gleðjast eins og börn og síðast en ekki síst minnumst við jólabarnsins. Jólin eru hátíð ljóss og friðar. En jólin eru ekki hátíð allra barna. Mörg börn búa við miklar hörmungar, veikindi og vonleysi. Alþjóðahjálparsjóður Lions leggur börnum lið, LCIF getur breytt lífi margra barna. Tökum höndum saman og hjálpum vorum minnsta bróður, börnunum í Afríku.



### Ebóluvaraldurinn

Alþjóðahjálparsjóður Lions hefur lagt lið í heilbrigðismálum um allan heim, m.a. baráttu gegn blindu og augnsjúkdómum, mislingum o.fl. Neyðaraðstoð LCIF við náttúruhamfarir er mikilvæg, bæði hér á landi og erlendis. Ebólu-varaldurinn í Vestur Afríku er eins konar náttúruhamfarir og Lions bregst við þeim af mikilli alvöru.



### 4.000 munaðarlaus börn


Nú þegar hefur faraldurinn kostað um 5.000 mannlíf og yfir 4.000 börn eru munaðarlaus. Mikill hluti þeirra hafa ekki bara misst foreldra sína og fjölskyldu, en líka heimili sitt og öryggi. Fjöldi þeirra er komin á vergang og eru fórnarlömb fordóma. Almennur óttast börnin, telja þau smitbera og vera haldin bölvun. Lions vill tryggja þeim framtíð, Lions mun fæða þau og klæða, veita húsaskjól og tryggja skólavist. Verkefnið mun bjarga börnum í neyð og veita þeim bjartari framtíð.



### Hver króna fer 100% í verkefnið

Lions og LCIF hafa áratuga reynslu af neyðaraðstoð víðs vegar um heiminn. Hver króna sem greidd er til LCIF fer 100% til verkefnisins, ekkert í milliliði eða yfirstjórn Alþjóðahjálparsjóðurinn vinnur með Lionsfélögum og sérfræðingum við að skipuleggja aðgerðir. Í Vestur Afríku eru 167 Lionsklúbbar

með yfir 8.000 félaga. Lionsfélagar eru hvattir til að styrkja þetta verkefni, að bjarga börnum sem eru fórnarlömb ebólu. Hægt er að merkja framlög til LCIF sem „Ebola Relief“ eða senda beint af vefsíðu LCIF: <http://lcif.org/EN/ways-to-give/ebola-relief-donation.php>



### Mislingar eru stórhættulegir

Mislingar eru einhver mest smitandi veirusjúkdómur sem til er. Sjúkdómurinn hefur verið landlægur í Afríku og Asíu en breiðist nú hratt út í Evrópu. Daglega deyja 380 börn af hans völdum, sem samsvarar 139 þúsund börnum á ári. Fyrir þá sem lifa sjúkdómurinn af geta afleiðingarnar verið blinda, heyrnartap, heilaskaði o.fl. LCIF, í samvinnu við WHO og fjölda hjálparsjóða, vinnur að útrýmingu mislinga.



### 12.000 börn deyja í desember

Í jólamánuðinum má reikna með að 12.000 börn deyi úr mislingum. Ein mislinga-sprautu með öllu kostar um 1 US\$ og getur bjargað lífi barns. Ein kippa af jólabjór getur bjargað 20 börnum frá dauða af völdum mislinga. Við getum lagt baráttunni gegn mislingum lið, með framlagi í Alþjóðahjálparsjóð Lions LCIF, merkt mislingaátakinu „One Shot, One Life: Lions Measles Initiative Donation“ á vefsíðu LCIF: [www.lcif.org/EN/ways-to-give/lion-measles-donation.php](http://www.lcif.org/EN/ways-to-give/lion-measles-donation.php)



## Lionsklúbburinn Garður veitir viðurkenningar

Þann 14. október síðastliðinn hélt Lionshreyfingin upp á Alþjóða sjónverndardag Lions. Á þessum tímamótum veitti Lionsklúbburinn Garður tveimur aðilum Melvin Jones viðurkenningar, en það er æðsta viðurkenning sem Lionsklúbbur getur veitt. Melvin Jones var aðalhvataamaður og stofnandi Lionshreyfingarinnar á sínum tíma, var það árið 1917. Þau sem hlutu þessa viðurkenningu voru Nanna Bryndís Hilmarsdóttir í hljómsveitinni Of Monsters and Men fyrir hennar frábæra starf. Eins og flestir vita þá hefur hún ásamt hljómsveitinni náð mjög langt í tónlistinni bæði hér á landi og ekki síður erlendis, verið góð landkynning og fyrirmynd ungs fólks. Þá fékk Pálmi Hannesson ungmennaskiptastjóri og félagi í Lionsklúbbum Garður viðurkenningu sem Progressive Melvin Jones félagi fyrir hans störf í þágu Lionshreyfingarinnar



Á myndinni eru: Pálmi Hannesson, Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, Birgir Sveinsson afi Nönnu og Jenný K. Harðardóttir form. í Lkl. Garður.

# Sykursýkismæling á Húsavík



Lionsklúbbur Húsavíkur býður Húsvíkingum að láta mæla blóðsykur og blóðþrýsting árlega og núna fór mæling fram í Lionshúsinu Bakka 29.nóv '14. 109 mættu og hjúkkurnar okkar höfðu alveg nóg að gera. Takk Katrín og Ágústa.



Skráning í fullum gangi



Hér skal mældur blóðþrýstingur



og hér blóðsykur



Kaffi og vöflur á eftir



Logi kokkur í vöflu bakstri



Skeggrætt um niðurstöður

Svo er stefnt á mælingu í Mývatnssveit og Þingeyjarsveit eftir áramótin, Lionsklúbbur Húsavíkur er með mælingu frá Þórshöfn í austri að Vaðlaheiði í vestri, en mælir annað hvert ár austan og vestan Húsavíkur en á Húsavík á hverju ári. Takk fyrir í ár og gleðileg jól

Lionsklúbbur Húsavíkur



Biðröð eftir mælingu



## Vika Lions-verkefna um allan heim

Þessi vika er fyrsti viðburðurinn í sérstakri kynningaráætlun í tilefni 100 ára afmælis Lions, árið 2017.

Yfir 46.000 Lionsklúbbar um allan heiminn munu kynna verkefni sín á sama tíma, frá og með janúar 2015 til og með júní 2018.

**Fyrsta áskorunin er í janúar**, þegar við minnumst Melvin Jones stofnanda Lions, en hann fæddist 13. janúar 1879. Við gerum okkur sýnileg öll í senn, og kynnum verkefni okkar og stuðning við þá sem minna mega sín.

**Takið þátt í viku Lions-verkefna, 10.-16. janúar 2015 – sama VIKA um ALLAN heim.**

**1) Skipuleggið:** Kynnið þjónustuverkefni þessa viku, t.d. fyrir börn og ungmenni, sjónvernd, að metta svanga eða umhverfisverkefni.

**2) Kynnið:** Þjóðið samborgum að vinna með ykkur, til að kynna verkefni og kraftinn í klúbbnum.

**3) Skráið:** Tilkynnið verkefni á MyLCI verkefna-skýrslu, til að fá merki á klúbbfánann, sem staðfestir þátttöku í þessari áskorun Lions.

**Notum tækifærið og tökum þátt í sérstakri verkefna- og kynningarveislu með 1,35 milljónum Lionsfélögum í 209 löndum, víðs vegar um heiminn.**

Guðrún Björt Ingvadóttir

# Lionsfélagi mánaðarins

## Nafn, aldur og starf:

Svanhildur Benediktsdóttir 56 ára.

Aðstoðarmaður Tannlæknis

## Nafn maka:

Guðmundur Ásbjörn Ásbjörnsson

## Heimili:

Reykjanesbær

## Ökutæki:

Ford Edge

## Klúbburinn minn:

Lionsklúbburinn Æsa Njarðvík



## Hver eru helstu viðfangsefni klúbbsins?

Klúbburinn fundar tvisvar í mánuði. Fyrri fundurinn er matarfundur og þá fáum við stundum gesti sem eru með eitthvað fræðslu eða skemmtiefni. Seinni fundurinn er óformlegur þá höfum við farið og heimsótt listafólk í bænum, farið á kaffihús, í göngutúra, í sund eða bara hist heima hjá einhverri okkar og fönðrað eða gert eitthvað skemmtilegt. Við hittumst alltaf í janúar á fundi með Lionsklúbbi Njarðvíkur og köllum það Hungurkvöld, þá sjáum við um matinn og eru það alltaf skemmtilegir fundir.

## Fjáröflun:

Aðalfjáröflun klúbbsins er Vinkonukvöld sem er á haustin þá bjóðum við vinkonum okkar, erum með skemmtiatriði og glæsilegt happdrætti við höfum verið frá 80 til 100 konur og mikið fjör.

## Sérkenni:

Í klúbbum eru 27 glæsilegar og skemmtilegar konur á öllum aldri.

## Hvað er eftirminnilegast úr klúbbstarfinu? (Má vera neyðarlegt)

Á haustin förum við í óvissuferðir og er það alltaf skemmtilegt, höfum farið víða og skoðað margt. Svo höldum við lokafundinn í maí og þá förum við á Hótel og þá er mökum okkar boðið með.

## Fyrir hvað ertu stoltust af að vera Lionsfélagi?

Að taka þátt í starfi með skemmtilegum félögum og vinna að stærri verkefnum innan Lionshreyfingarinnar.

Ég er líka stolt af því að vera Melvin Jones félagi síðan 2012.

## Viltu breyta einhverju í klúbbum þínum og í Lionshreyfingunni yfir höfuð?

Mér finnst að það mættu vera fleiri óformlegir fundir.

## Hvers vegna ert þú Lionsfélagi og hvað ertu búin að vera lengi Lionsfélagi?

Félagsskapurinn sem eru allt skemmtilegar konur og vinna að verkefnum sem láta gott af sér leiða. Ég er Lionsfélagi síðan 1989.

## Hvar liggja tækifærin í Lionshreyfingunni?

Tækifærin eru út um allt fyrir Lions það er svo mikið af duglegum félögum sem eru til í að vinna að alls konar verkefnum.

## Hvað myndir þú gera ef þú værir einráð í klúbbum?

Ég á ekki von á að sú staða komi upp, en ég myndi nú samt miðla með félögum mínum.

## Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

Er það bara ekki íslenska lambalærið beint af grillinu og einhver góður eftirréttur.

## Hver eru áhugamálin hjá þér?

Að sjálfsögðu er það fjölskyldan ég á þrjú börn og fimm ömmustelpur. Ég stunda sund og fer í stuttar gönguferðir. Svo höfum við hjónin ferðast saman á mótörhjólum um landið.

## Hvað viltu segja um þína heimabyggð?

Hvergi betra að búa en í Reykjanesbæ, þó að margt hafi breyst á undanförunum árum vegna skorts á atvinnu, en vonandi verða breytingar þar á sem fyrst.

## Eitthvað að lokum?

Ég hef starfað í Lions í 25 ár og hvet alla sem vilja leggja lið og taka þá í skemmtilegu félagsstarfi að koma og kynna sér Lions. Að lokum vil ég óska öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

# Lionsklúbbur Hafnarfjarðar

Þegar við sitjum hér á klúbbfundi í Haukahúsinu blasir við okkur Trjálundurinn sem stofnað var til þegar Alþjóðaforseti Wayne A. Madden og fleiri góðir menn gróðursettu þar nokkur tré. Þessi gróðurreitir hefur dafnað með ágætum og verður fagur reitur þegar fram líða stundir.

LkH. er kraftmikill klúbbur, félagsandinn góður og menn samtaka með að gera það sem gera þarf til að styrkja Lionsstarfið. Nú á haustdögum seldu klúbbfélagar barmmerki okkar Gaflarann. Allur ágóði af sölu merkisins hefur runnið óskiptur til hinna ýmsu félagasamtaka og einstaklinga, nú síðustu tvö árin til Björgunarsveitarinnar í Hafnarfirði. Vetrastarfið fór vel á stað og verið góð mæting á fundum, nú síðast fór klúbburinn í heimsókn til Björgunarsveitarinnar en þar á undan kom Bæjarstjóri Hafnarfjarðar í heimsókn. Enn af félögum okkar Halldór Svavarsson, fyrverandi Umdæmisstjóri var sæmdur Gullorðu M. J. úr hendi Joe Preston alþjóðaforseta Lions á kvöldfagnaði á Hótel Sögu. Nokkrir klúbbfélagar aðstoðuðu við Hátíðarfund Alþjóða sjónverndardagsins sem haldinn var á Landspítalanum 14. okt. sl. og fjölmenntu síðar um kvöldið á Hótel Sögu.

Af starfi okkar í sumar er það helst að segja að klúbburinn fór með eiginkonum í ferð um Reykjanes á fallegum sumardegum en í lok ferðar var kvöldmatúr í Skíðaskálanum og voru þar jafnframt stjórnarskipti. Í stjórn sitja nú: formaður: Ellert Eggertsson, ritari: Sigurjón Ragnarsson, gjaldkeri: Magnús R. Aadnegard.

*Friðgeir H. Guðmundsson,  
blaðafulltrúi LkH.*



*Byggðarsafnið við Garðskagavita skoðað.*



*Tveir góðir í brúnni. Ólafur og Steinmóður.*



*Horft til strandar. Gunnar B. Randrup.*



*Formaður LkH. afhendir Vigdís Björk formanni Björgunarsveitarinnar veglegan styrk.*



*Friður kvennabekkur. Hekla, Ester, Guðrún og Kristín.*



*Við veisluborðið í Skíðaskálanum.*

## Lionsklúbbur Reykjavíkur styrkir Parkinsonsamtökin og Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga

Nýlega fóru félagar í líknanefnd Lionsklúbbs Reykjavíkur á fund Parkinsonsamtakanna og Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga (FAAS) en samþykkt hafði verið að klúbburinn styrkti þessi félög í ár. Styrkirnir námu samtals kr. 900.000. Um leið gafst tími til að fræðast betur um starfsemi þessara félaga og var mjög

áhugavert fyrir okkur Lionsmenn að kynnast því frábæra starfi sem þar er unnið fyrir þolendur þessara illvígu sjúkdóma.

*Ásbjörn Einarsson Lionsklúbbi Reykjavíkur*



*Afhending styrks til Parkinsonsamtakanna. Snorri Már Snorrason, formaður Parkinsonsamtakanna, stendur milli Þorkels Helgasonar, formanns líknanefndar t.v. og Gísla Hlíðberg Guðmundssonar, formanns Lionsklúbbs Reykjavíkur.*



*Árni Sverrisson, formaður Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga, með gjafabréfið. Aðrir á myndinni eru f.v. Þorkell Helgason, Gunnar Jóhannesson, Gísli Hlíðberg Guðmundsson og síðan Hrafn Magnússon lengst til hægri, allir frá Lionsklúbbi Reykjavíkur.*

## Fjórir nýjir félagar í Skyggni



Talið frá vinstri til hægri. Óli Már Aronsson, Tryggvi Lindal, Haraldur Birgir Haraldsson, Gunnar Aron Ólason, Guðni Sighvatsson, Óskar Kristinsson, Ólafur Örn Oddsson og Svavar Bjarnhéðinsson.

Á fundi í Lionsklúbbum Skyggni þann 20. nóvember voru teknir inn í klúbbinn fjórir nýir félagar en það verður að teljast mikil hlutfallsleg fjölgun þar sem heildarfjöldinn í Skyggni var 12 fyrir fundinn. Tveir af þessum

nýju félögum eru búsettir á Hvolsvelli, þeir Ólafur Örn Oddsson, 39 ára, og Tryggvi Lindal, 39 ára. Einn er búsettur á Hellu, Gunnar Aron Ólason, 39 ára, og einn á Laugalandi í Holtum, Guðni Sighvatsson, 34 ára. Á meðfylgjandi

mynd má sjá nýja meðlimi ásamt meðmælendum þeirra.

*Gunnar Aron Ólason*

# Lestrarátak hjá Ylfukonum



Anna Kolbrún Árnadóttir höfundur greinarinnar með hundi sínum.



Lestrarátak Lions, Guðrún Þórðardóttir Ylfukona les með einu af börnunum.

Lionsklúbburinn Ylfa tekur nú þátt í lestrarátaki. Á Evrópuþingi Lions sem haldið var í Belgíu á síðasta ári var verkefnið kynnt og í framhaldi var ákveðið að lestrarverkefnið yrði sett fram sem langtíma verkefni. Við í Lkl. Ylfu sjáum fyrir okkur að sinna þessu mikilvæga verkefni næstu 10 árin.

Nokkur aðdragandi og undirbúningur átti sér stað áður en Lkl. Ylfa gat hafist handa við að styðja við börn og lestur þeirra. Ákveðið var í byrjun að markhópur verkefnisins væru börn af erlendum uppruna á Akureyri. Farið var í samvinnu við skólayfirvöld í bænum og bréf til foreldra voru þýdd á nokkrum tungumálum varðandi tilhögun verkefnisins. Því næst var tekin ákvörðun um að veita þjónustuna aðallega við börn í 1. og 2. bekk grunnskóla en síðan þá hafa komið fram óskir frá foreldrum barna á 3. og 5. bekk sem við í Lkl. Ylfu höfum að sjálfsögðu tekið vel á móti. Einnig höfum við farið heim til barnanna ef þau hafa ekki haft tök á að koma til okkar. Nú þegar hafa komið til okkar börn sem eiga peruískar, pólskar, tælenskar og ítalskar og skoskar rætur.

Aðsetur okkar í þessu verkefni er á Amtbókasafninu á Akureyri og starfsfólkið þar hefur svo sannarlega verið okkur innan handar með allt það sem okkur vantar, nægur er bókakosturinn, og viðmót starfsfólks til fyrirmyndar. Við erum ákaflega stoltar af þessu verkefni og við gerum okkur grein fyrir það við náum nú til hóps barna sem öllu jafna eiga ekki kost á aukinni aðstoð við lestur. Við hittum börnin einu sinni í viku og eru það gefandi, gagnlegar og góðar stundir. Ekki má gleyma því að við náum einnig að tengjast foreldrum barnanna sem er mikilvægt fyrir okkur.

Að lokum: Það hlýtur að vera draumaverkefni bókaþjófðarinnar að vinna að auknum bóklestri. Þetta er verkefni sem allir íslenskir klúbbar geta tekið þátt í, án mikils tilkostnaðar eða erfiðleika, bara skemmtilegt og gefandi.

*Fh. Lkl. Ylfu, Akureyri  
Anna Kolbrún Árnadóttir*

## Minning † Sigurður Hallmarsson



Lionsklúbbur Húsavíkur kveður nú kærán félagi Sigurð Hallmarsson.

Sigurður Hallmarsson fæddist á Húsavík 24. nóvember 1929. Sigurður lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Húsavík, sunnudaginn 23. nóvember síðastliðin nær 85 ára að aldri.

Sigurður var einn af stofnfélögum Lionsklúbbs Húsavíkur fyrir hartnær 50 árum síðan og var í meðlimanefnd við stofnun klúbbsins. Sigurður var þrautreyndur félagsmaður og hafði starfað mjög mikið í hinum ýmsu félagasamtökum í okkar bæjarfélagi og

verið oftast en ekki í forystusveit þeirra félaga.

Sigurður varð strax mjög mikilvirkur í starfi klúbbsins og kom það því að sjálfu sér að honum voru falin mörg trúnaðarstörf í klúbbum okkar. Hann var ritari klúbbsins þrívægis árin 1968-1969, 1974-1975 og 2000-2001, gjaldkeri klúbbsins 1970-1971. Auk þess var Sigurður mjög

virkur í nefndarstörfum klúbbsins og var í forsvari margra nefnda í gegnum tíðina. Sigurður var ætíð reiðubúin til stafa og var í forystu hlutverki klúbbsins hvað varðaði skemmtanahald. Frásagnir, upplestur og harmonikkuleikur Sigurðar er okkur félögum ógleymanlegur.

Fyrir óeigingjarnt starf sitt innan Lionsshreyfingarinnar hefur Sigurður fengið margar viðurkenningar, þar á meðal var hann gerður að Melvin Jones félagi, sem er æðsta viðurkenning sem Lionsshreyfingin veitir.

Félagar í Lionsklúbbi Húsavíkur kveðja góðan félagi með mikilli virðingu og eftirsjá, en með brotfalli Sigurðar Hallmarssonar hefur verið höggvið stórt skarð í félagahópinn. Börnum hans og fjölskyldum þeirra sendum við okkar innlegustu samúðarkveðjur og biðjum góðan Guð að vernda þau.

*f.h. Lionsklúbbs Húsavíkur  
Ásmundur Bjarnason, Árni Vilhjálmsson,  
Bergþór Bjarnason, Birgir Þór Þórðarson.*

## Afhentu sjálfvirkt hjartahnoðtæki



Viðá um land hefur verið safnað fyrir hjartahnoðtækjum undanfarin misseri, tækin bera heitið Lucas og eru sjálfvirk. Lucas kemur alveg í stað eins manns við endurlífgun og veitir þar að auki mun árangursríkara hnoð en nokkur maður getur og þreytist að sjálfsgöðu ekki. Lucas er ekki fyrir öðrum við endurlífgun en með notkun þess skapast mun betra rými fyrir bráðaliða, t.d. til að veita öndunaraðstoð og lyfjagjöf samhliða því að tækið hnoðar.

Í maí var farið af stað með söfnun fyrir svona tæki til að hafa í sjúkrahúsum HVE í Ólafsvík, það voru Þórarinn Steingrímsson sjúkraflutningamaður hjá Sjúkraflutningum í Ólafsvík og Guðjón Hólm Gunnarsson aðstoðarvarðstjóri hjá Neyðarlínunni 112 sem stóðu fyrir söfnuninni. Þeir fengu Lionsklúbb Ólafsvíkur til samstarfs

við sig en Lionsklúbburinn hélt utan um söfnunina, í upphafi var gert ráð fyrir að safna þyrfti um 2,5 milljónum en núna í október þegar söfnuninni lauk kom í ljós að safnast hafði heldur meira en það. Því var ákveðið að bæta við auka rafhlöðu og hleðslutæki í báða sjúkrabílana í Ólafsvík.

Við afhendingu tækisins í síðustu viku var tækið prófað á skyndihjálpardúkkunni Önnu og voru viðstaddir sammála um að tækið sé mjög góð viðbót við annars ágætann tækjakost sjúkrabíllanna.

Á myndinni sem tekin var við afhendinguna er frá vinstri Guðjón Hólm Gunnarsson frá Neyðarlínunni, sjúkraflutningafólkið Guðbjörg Ásgeirsson, Patryk Zolobow, Axel K. Davíðsson, Guðbjörg Jónsdóttir, Birna Dröfn Birgisdóttir, Þórarinn Steingrímsson og lionsmennirnir Kristinn Kristófers-son, Marinó Mortensen og Ari Bjarnason. Fyrir framan hópinn er skyndi-hjálpardúkkanna Anna.

Fyrirtækjum, félögum og einstaklingum sem tóku þátt í söfnuninni eru færðar kærar þakkir fyrir.

Jói í Steinprent

Munið

**ÓPIÐ HÚS**  
í Lionsheimilinu

milli kl.12:00-13:00

**9. janúar og 6. febrúar**

**Kaffi og kleinur**

~ frjáls framlög ~

**Léttar veitingar kr. 500**



Allir velkomnir - Takið með ykkur gesti

Lionsheimilið Sóltúni 20, 105 Reykjavík, sími: 562-3200